

Úttekt á framkvæmd samstarfssamnings um stuðning við dönskukennslu á Íslandi

Í [samningi](#) milli menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur er kveðið á um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi á tímabilinu janúar 2004 til júní 2007. Samningurinn er framhald af hliðstæðum samningi frá 2001–2003 sem á sínum tíma var gerður í kjölfar fimm ára samstarfsverkefnis landanna um eflingu dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi á tímabilinu 1996–2000.

Í samræmi við ákvæði samningsins var gerð [úttekt](#) á framkvæmd hans fyrir skólaárin 2003–2004, 2004–2005 og 2005–2006.

Helstu niðurstöður úttektarinnar eru eftirfarandi:

- Í meginatriðum hefur vel verið staðið að mörgum þáttum samstarfsverkefnisins. Almennt má segja að ánægja ríki með heimsóknir far- og aðstoðarkennara í skólana sem styrkingu við dönskunám nemenda.
- Störf far- og aðstoðarkennara skila nemendum að einhverju leyti aukinni færni í munnlegri dönsku en hafa síður haft áhrif á færni móttökukennaranna sjálfra eða kennsluhætti þeirra.
- Far-, aðstoðar- og sendikennarar segja kennsluhætti í íslenskum skólum einhæfa og gamaldags, dönskukennarar tali sjaldan dönsku í dönskutímum í grunnskólum og að nemendur í dönskukennaranámi séu ósjálfstæðir í vinnubrögðum.
- Einn megingalli samstarfsverkefnisins virðist sá að ekki liggi fyrir nógu skýr hugmyndafræði til grundvallar verkefninu. Skýr

markmið koma ekki fram í samningi þjóðanna eða viðmið um árangur, en þess í stað eru tilgreindir aðgerðapættir sem stutt geta við dönskukennslu í íslenskum skólum og styrkt kennsluna.

- Hlutverk samstarfsnefndar er vítt skilgreint. Festa þarf betur í sessi hvernig verkefninu er stýrt t.d. með því að tilgreina nánar en gert er í gildandi samningi skipan samstarfsnefndar og hlutverk hennar.
- Skilgreina þarf nánar starfssvið fulltrúa samstarfsnefndar og aðskilja betur en gert er framkvæmdapátt verkefnisins og stýringu þess og eftirlit.
- Mikil þörf er á endurmenntun dönskukennara í grunnskólum, bæði í að efla munnlega færni í tungumálinu en einnig í notkun fjölbreyttra kennsluhátta í dönskukennslu.
- Auka þarf kynningu á samstarfsverkefninu.
- Að mati fulltrúa samstarfsnefndar er aðkoma sveitarfélaga veiki hlekkurinn í verkefninu.
- Skerpa þarf áherslur á þróunar- og umbótastarf verkefnisins. Lagt er til að breyta áherslum í þjónustu far-, aðstoðar- og sendikennara og skilgreina starf þeirra sem ráðgjafastarf við þróunar- og umbótastarf í dönskukennslu í íslenskum skólum.

Úttektina vann skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Hún er aðgengileg á vef ráðuneytisins [menntamalaraduneyti.is](#).



Frá undirritun samningsins um Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ.

Hönnunarsafn Íslands verður byggt í Garðabæ

Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen og bæjarstjóri Garðabæjar Gunnar Einarsson undirrituðu samning um uppbyggingu Hönnunarsafns Íslands í Garðabæ þann 1. desember sl.

Í nýjum samningi á milli menntamálaráðuneytis og Garðabæjar sem tekur gildi 1. janúar 2007 er kveðið á um að Garðabær taki við rekstri og stjórn Hönnunarsafns Íslands. Safnið mun starfa sem stofnun á vegum bæjarfélagsins.

Hönnunarsafnið hefur verið starfrækt frá árinu 1998 með sérstökum samningi á milli menntamálaráðuneytis, Þjóðminjasafns og Garðabæjar. Safnið hefur verið með vinnuáðstöðu hjá Þjóðminjasafninu og sýningarsal á Garðatorgi í Garðabæ. Hönnunarsafnið verður miðstöð safnastarfsemi

á sviði hönnunar og hlutverk þess verður að bera ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknnum og miðlun á þeim þætti menningarsögu Íslendinga sem lýtur að hönnun. Menntamálaráðuneyti mun greiða árlegt framlag að fjárhæð 9,3 m.kr til Garðabæjar til að styrkja rekstur safnsins. Jafnframt skal miða við að rekstrarframlag Garðabæjar verði eigi lægra en sem nemur 14 m.kr á ári á samningstímanum. Samningurinn gildir út árið 2010.

Samkvæmt samningnum mun Garðabær, í samvinnu við Arkitektafélag Íslands, standa að opinni hönnunarsamkeppni um hönnun byggingar fyrir safnið. Samkeppnin verður haldin á árinu 2007 og miðað er við að reist verði safnbygging sem verði að lágmarki 1000 fermetrar að stærð. Framlag menntamálaráðuneytis til byggingarinnar verður 125 m.kr (miðast við 50% af heildarkostnaði). Framlag Garðabæjar verður amk jafnhátt og framlag ráðuneytisins. Enn fremur leggur bærinn fram lóð undir safnið.

Íþróttamaður ársins – nýr verðlaunagripur

Menntamálaráðherra var nýverið viðstaddur afhendingu á nýjum verðlaunagrip sem næstu 50 ár verður veittur Íþróttamanni ársins. Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ afhenti formanni Samtaka Íþróttaféttamanna Þorsteini Gunnarsyni verðlaunagripinn ásamt stofnskrá en Samtök Íþróttaféttamanna sjá um kjör á Íþróttamanni ársins.

Hinn nýi verðlaunagripur er hannaður af Sigurði Inga Bjarnasyni gullsmið. „Verkið er



Frá afhendingu verðlaunagripsins.

smíðað með vísun í náttúru Íslands sem mótað hefur þessa þjóð og hennar þrótt. Náttúra Íslands endurspeglast í margvíslegu efni verksins, lögun þess og litbrigðum. Þessir eiginleikar verksins vísa um leið til fjölbreytni íþróttanna og þess styrks og þeirrar þrautseigju sem einkennir afreksmenn íslenskra íþróttá hverju sinni“ segir í fréttatilkynningu frá Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands. Gripurinn er tileinkaður minningu látinna íþróttaförystumanna, íþróttamanna og íþróttaféttamanna.

Styttan sem veitt hefur verið síðustu 50 ár var afhent þjóðminjaverði Margréti Hallgrímsdóttur til varðveislu í Þjóðminjasafninu.

